



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/170*  
*komudagur 18.11.2009*

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Alþingi Austurvelli 150 Reykjavík	18. nóvember 2009	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 4. mál.

Í framangreindri tillögu er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að framkvæma nauðsynlegar afskriftir á lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja og nemi afskriftirnar að minnsta kosti 20% af höfuðstól láns. Skal afskriftum þessum vera lokið í síðasta lagi 1. des. 2009.

Með vísan til lögbundinnar stöðu og hlutverks Ríkisendurskoðunar telur stofnunin hvorki rétt né eðlilegt að taka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

*Erindi nr. P 138/170*

*Linn Þórunn*